

RARIK ohf.
Steinunn Huld Atladóttir
Dvergshöfði 2
110 Reykjavík

Hellissandur 21. júní 2017
UST201706-009/JB
01.06.2017

Efni: Lagning rafstrengs og uppsetning spennistöðvar

Vísað er til erindis RARIK dags. 1. júní 2017 þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til þess að plægja niður 1250 m af 24kV rafstreng, ásamt röri fyrir ljósleiðara og uppsetningu spennistöðvar innan friðlýst svæðis við Hraunfossa í Borgarfirði.

Hraunfossar og Barnafoss eru friðlýstir sem náttúruvætti, sbr. auglýsingu í Stj.tíð. B, nr. 410/1987. Samkvæmt friðlýsingunni er mannvirkjagerð og jarðrask svo og aðrar breytingar á svæðinu háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Strengur og rör verða plægð niður meðfram mörkum friðlýsta svæðisins, við reiðveg sem þar er, en auk þess verður farið með heimtaug að nýreistri þjónustumiðstöð. Gert er ráð fyrir beltagröfu til plægingar og dráttarvél sem heldur á strengkefli. Vörubíll mun koma með steypa undirstöðu fyrir spennistöðina og spennistöðina sjálfa. Spennistöð verður staðsett ofan við/bak við þjónustumiðstöð og lagður um 30m heimtaugastrengur frá spennistöð og að þjónustumiðstöðinni.

Stefnt er að því að verkið verði unnið í viku 27 eða 28 í byrjun júlí 2017, miðað við að öll leyfi, efni og tæki séu tiltæk. Annars í viku 32 eða 33 í ágúst, þar sem RARIK er með lágmarksstarfsemi tvær síðustu vikurnar í júlí. Áætlaður verktími 2-3 dagar.

Jarðstrengur verður plægður, en ekki verða nein varanleg ummerki á jarðvegi, gróðri eða dýralífi. Gengið verður frá meðfram plógfari og tryggt eftir föngum að ekki verði varanleg ummerki eftir verkið. Notuð verður beltagrafa með plóg til að draga úr mögulegu álagi á gróður. Ekki verður farið yfir árfarvegi eða læki og leyfi fyrir verkinu liggja fyrir hjá Vegagerð og landeigendum. Ekki eru friðlýstar fornleifar á vinnusvæðinu skv. aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Áhrifamat:

Um er að ræða framkvæmd sem Umhverfisstofnun telur litlar líkur á að valdi spjöllum eða raski á svæðinu ef rétt er að verki staðið. Telur stofnunin því litlar líkur á að framkvæmdin muni hafa áhrif á verndargildi náttúruvættisins. Umhverfisstofnunin heimilar því fyrir sitt leyti plægingu jarðstrengs ásamt röri fyrir ljósleiðara og uppsetningu spennistöðvar innan friðlýst svæðis við Hraunfossa í Borgarfirði.

Skilyrði:

1. Að öllu raski við framkvæmdirnar verði haldið í lágmarki.
2. Að gengið verði að fullu frá framkvæmdasvæði.
3. RARIK upplýsi sérfræðing svæðisins um upphaf og lok framkvæmda. Sérfræðingur náttúruvættisins er Jón Björnsson og símanúmer hans er 822-4056.
4. Leyfi þetta gildir fyrir viku 27 eða 28 í byrjun júlí eða viku 32 eða 33 í ágúst í þrjá daga.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstu náttúruminum sbr. auglýsingar og reglugerðir um friðlýst svæði sbr. 2. mgr 40. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjaldið er 39.400 krónur skv. gjaldskrá stofnunarinnar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af svæðalandverði Umhverfisstofnunar á Vesturlandi. Áætlað stofnunin að í það fari 2 klst. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllt



Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri



Jón Björnsson
Sérfræðingur á Vesturlandi